

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**Haustþing SSNV,
haldið á Sauðárkróki, 18. október 2019**

FUNDARGERÐ



**Ingibergur Guðmundsson
Davíð Jóhannsson**

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá	3
Þingsetning, kjör starfsmanna þingsins	4
Fulltrúatal	4
Fjárhagsáætlun 2020 og Starfsáætlun 2020	5
Ávörp	5
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024	6
Kolefnisspor Norðurlands vestra - lokaniðurstöður	6
Tillögur og ályktanir lagðar fram	6
Nefndastörf	6
Afgreiðsla nefndarálita	7
Fjárhagsnefnd	7
Allsherjarnefnd	7
Þingslit	7
Fylgiskjal 1	8
Fylgiskjal 2	8
Fylgiskjal 3	8
Fylgiskjal 4	8
Fylgiskjal 5	8

Dagskrá

09:30 Þingsetning:

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara. (Þ4)

09:40 Kjörnefnd kölluð saman:

Sigríður Regína Valdimarsdóttir, formaður kjörnefndar (Þ6)

09:45 Fjárhagsáætlun 2020 og Starfsáætlun 2020:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV (S2.1)

10:00 Ávörp:

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála

Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

10:40 Kynning á Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024:

Sævar Kristinsson, ráðgjafi hjá KPMG

11:30 Kolefnisspor Norðurlands vestra, lokaniðurstöður:

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur Environice

11:50 Tillögur og ályktanir lagðar fram

12:00 Nefndastörf

Fjárhagsnefnd fjallar um fjárhagsáætlun SSNV 2020.

Allsherjarnefnd fjallar um starfsáætlun SSNV 2020, Samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024, Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 og ályktun þingsins.

12:45 Afgreiðsla nefndarálita

13:00 Þingslit

Pingsetning, kjör starfsmanna þingsins

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Sigfús Inga Sigfússon sem 1. þingforseta og Ingibjörgu Huld Þórðardóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Katharina Ruppel, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Fulltrúatal

Sigríður Regína Valdimarsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 28 fulltrúar og eru 25 mættir eða 89%. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Hrefna Jóhannesdóttir,	Akrahreppur	aðal
Drífa Árnadóttir,	Akrahreppur	aðal
Guðmundur Haukur Jakobsson,	Blönduós	aðal
Anna Margrét Sigurðardóttir,	Blönduós	aðal
Lee Ann Maginnis ,	Blönduós	vara
Gunnar Tryggvi Halldórsson,	Blönduós	aðal
Jón Gíslason,	Húnavatnshreppur	aðal
Ragnhildur Haraldsdóttir,	Húnavatnshreppur	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson,	Húnaþing vestra	aðal
Friðrik Már Sigurðsson,	Húnaþing vestra	vara
Magnús Magnússon,	Húnaþing vestra	aðal
Sigríður Ólafsdóttir,	Húnaþing vestra	aðal
Dagný Rósa Úlfarsdóttir,	Skagabyggð	aðal
Magnús Björnsson,	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson,	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ingibjörg Huld Þórðardóttir,	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gísli Sigurðsson,	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Regína Valdimarsdóttir,	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ragnheiður Halldórsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Jóhanna Ey Harðardóttir,	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Álfhildur Leifsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir,	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Hrefna D. Þorsteinsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	vara
Halldór Gunnar Ólafsson,	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Guðmundur Egill Erlendsson,	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

Fjárhagsáætlun 2020 og Starfsáætlun 2020

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, mælti fyrir tillögum að fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2020.

Þingforseti vísaði tillögu að fjárhagsáætlun 2020 til fjárhagsnefndar og tillögu að starfsáætlun 2020 til allsherjarnefndar.

Ávörp

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Til máls tók: Halldór G. Ólafsson og svaraði Karl máli hans.

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála

Ráðherra hóf mál sitt á að minnast þær áskoranir, sem neikvæð íbúabróun síðustu ára hafa verið fyrir svæðið. Það nýti þó góðs af sterkum póstum inn á milli í atvinnulífi og mikilvægri nýsköpun. Í því síðarnefnda hafa framlög byggða- og sóknaráætlana skipt miklu máli. Ráðherra notaði í því samhengi tækifærið og þakkaði Unni Valborgu Hilmarsdóttur framkvæmdastjóra SSNV fyrir setu sína sem áheyrnarfulltrúi landshlutasamtakanna í stýrihópi stjórnarráðsins síðasta árið.

Hann ítrekaði að byggðamál skipti alla máli og að sama skapi væru aðgerðir Byggðaáætlunar á ýmsum sviðum, s.s. fjarskipta og heilbrigðismála, mikilvægar öllum. Hann taldi mikilvægt að vera á varðbergi þegar niðursveifla í hagkerfi gerir vart við sig líkt og nú um stundir og ábyrg fjármálastjórn m.a. sveitarfélaga skipti máli til að geta tekist á við breyttar aðstæður.

Ráðherra hvatti fólk til að kynna sér hina nýju samgönguáætlun í samráðsgátt en skv. henni verður 633 milljörðum varið í málaflokkinn á næstu 15 árum. Hann minnti enn fremur á að ný lög um sveitarfélög ættu að auka sjálfbærni þeirra og gera þeim um leið kleift að eflast. Ráðherra hvatti að lokum þingfulltrúa til bjartsýni.

Til máls tóku: Halldór G. Ólafsson og Magnús Magnússon og svaraði ráðherra máli þeirra.

Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Haraldur hóf ræðu sína á að lýsa yfir að spennan ríkti eftir nýrri þjóðhagsspá. Minni einkaneysla vekt spurningar en ábyrg fjármál einkaaðila og góð eiginfjárstaða heimila væru mikilvæg. Fréttir um 11% færri ferðamenn vektu ugg en meiri neysla þeirra væri á sama tíma gleðiefni.

Þingmaðurinn ræddi um góða stöðu ríkissjóðs, sem þýddi góð kjör á lánamörkuðum og myndi gefa betri tækifæri að bæta í framkvæmdir á samdráttarskeiði. Nauðsynlegt væri að endurskoða afkomumarkmið með ábyrgum hætti - einnig hjá sveitarfélögum, þó stóru tölurnar lægju á höfuðborgarsvæðinu. Hann minnti á að títtnefnd há framlög höfuðborgarinnar í jöfnunarsjóð væru jöfnuð út af fasteignagjöldum ríkisins til borgarinnar.

„Pólítík landsbyggðapingmanna snýst um samgöngur“ sagði Haraldur og boðuð úttekt á umferðaröryggi á Norðurlandi vestra gæti orðið stýritæki og þar með góð fjárfesting. Hann vitnaði í álit Ólafs Guðmundssonar sérfræðings í umferðaröryggi að lítið breyttir tengivegir með bundnu slitlagi gætu alveg verið boðlegur kostur út frá öryggi.

Þingmaðurinn minntist á nýtt frumvarp menntamálaráðherra um námslán og Miðhálandisþjóðgarð. Hann ítrekaði að nú þegar nýir endurskoðaðir mjólkursamningar lægju fyrir yrði að snúa sér að endurnýjun grænmetissamninga - grein sem þyrfti að efla. Haraldur minntist á loftlagsmál og að aðgerðir væru skynsemismál, t.d. rafhleðslustöðvar, jafnframt að smávirkjanir væru mikilvægt byggðamál. Hann vitnaði að lokum í gamlan sveitunga, sem sagði: „Við vitum ekki hvernig framtíðin lítur út en við getum haft heilmikið um það að segja.”

Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024

a) Samningur um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024

Unnur Valborg Hilmarsdóttir kynnti drög að samningi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hins vegar um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024.

b) Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024

Sævar Kristinsson og Stefán Þór Helgason, ráðgjafar hjá KPMG, kynntu drög að Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 sem unnið hefur verið að undanfarna mánuði. Drögin hafa verið til sýnis og athugasemda í Samráðsgátt stjórnvalda.

Kolefnisspor Norðurlands vestra - lokaniðurstöður

Til stóð að *Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur Environice* gerði grein fyrir lokaniðurstöðum í úttekt fyrirtækisins á kolefnisspori Norðurlands vestra. Kynningin, sem var í formi myndbands, var felld niður vegna tímaskorts og verður send sveitarstjórnarmönnum.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur og ályktanir sem sendar höfðu verið send út með fundarboði eða verið til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda:

1. Ályktun haustþings SSNV 2019 um innviði og hagvöxt á Norðurlandi vestra
2. Samningur um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 - drög
3. Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024

Þingforseti vísaði öllum tillögunum til umfjöllunar í allsherjarnefnd.

Nefndastörf

Að því búnu hófust störf nefnda.

Afgreiðsla nefndarálita

Fjárhagsnefnd

Magnús Magnússon gerði grein fyrir tillögu fjárhagsnefndar.

Haustþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 18. október 2019, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2020.

Sjá fylgiskjal 1.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Dagný Rósa Úlfarsdóttir gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar:

- a) *Haustþing SSNV, haldið á Sauðárkróki, 18. október 2019, samþykkir meðfylgjandi ályktun um innviði og hagvöxt á Norðurlandi vestra með framkomnum breytingum.*

Sjá fylgiskjal 2.

Tillagan var samþykkt samhljóða

- b) *Haustþing SSNV, haldið á Sauðárkróki, 18. október 2019, samþykkir framlagða starfsáætlun SSNV fyrir árið 2020.*

Sjá fylgiskjal 3

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- c) *Haustþing SSNV, haldið á Sauðárkróki, 18. október 2019, samþykkir meðfylgjandi samning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hins vegar um Sókningaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024.*

Sjá fylgiskjal 4.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- d) *Haustþing SSNV, haldið á Sauðárkróki, 18. október 2019, samþykkir meðfylgjandi Sókningaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024.*

Sjá fylgiskjal 5.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingslit

Sigfús Ingi Sigfússon þakkaði fyrir góð störf þingsins og gaf formanni síðan orðið.

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður SSNV, þakkaði fyrir gott og starfsamt þing. Hann bauð til næsta ársþings SSNV 2020 í Húnaþingi vestra og sleit síðan þinginu.

Fylgiskjal 1

Fjárhagsáætlun SSNV 2020

Fylgiskjal 2

Ályktun um innviði og hagvöxt á Norðurlandi vestra

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun SSNV 2020

Fylgiskjal 4

Samningur um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 - drög

Fylgiskjal 5

Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024